

17
21. apríl

Reglugjörð

um viðauka við reglugjörð 11. apríl 1917 um aðflutta kornvöru og smjörlíki.

Samkvæmt heimild í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfluófríðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Sýslumaður skal með aðstoð tveggja manna, sem sýslunefndarmenn kjósa til þess í nefnd með honum, hafa eftirlit með því, að kornvörur þær, sem getur um í 1. gr. reglugjörðar 11. apríl 1917, og til sýslufjelagsins flytjast, komi við útsölu á þeim þar til almennings sem jafnast niður eftir þörfum.

2. gr.

Til afnota í þessu skyni skal sýslumaður þegar þessar vörur koma utanlands frá til kaupmanna eða kaupfjelaga í umdæminu, gjöra skrá yfir þær eftir skipsskjölum. Komi slíkar vörur frá öðrum innlendnm höfnum, ber skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins að senda sýslumanni skrá yfir þær.

3. gr.

Við úthlutun varanna skal jafnan fara eftir þeirri tilhögun, sem sýslumaður með ráði nefndarmanna ákveður, svo sem hve stóra skamta hvert heimili megi fá í senn af hverri vöru og til hve langs tíma.

4. gr.

Rjett er að því svæði, sem áður hefir sótt verslun til ákveðins sölustaðar, sje áfram ætlaðar umræddar vörur, sem til þess sölustaðar flytjast, og skiftir það ekki máli, hvort svæðið er utan eða innan sýslufjelags þess, er sölustaðurinn er í.

5. gr.

Til þess að sýslumaður ásamt nefndarmönnum geti gjört tilætlaðar ráðstafanir viðvíkjandi hjer um ræddum vörum, er hreppsnefndum gjört að skyldu að láta í tje þær skýrslur, er mál þetta varða, sem sýslumaður heimtar, og hafa þær framkvæmdir viðvíkjandi úthlutun á vörunum í hreppnum, sem sýslumaður ákveður með ráði nefndarmanna, þartil heyrir sjerstaklega að rannsaka vörufordann á heimilum í hreppnum, og eru húsfedur skyldir, ef hreppsnefnd krefst þess, að gefa sannar skýrslur um hann.

6. gr.

Sýslumönnum ber með aðstoð nefndarmanna að hafa vakandi auga á

kornvörubirgðum í umdæminu, svo að landsstjórnin, hvenær sem er, geti fengið 17 upplýsingar um, hve miklar þær sjeu, og hve lengi þær muni endast, og má í 18. apríl því efni miða við, að hver maður þurfi til jafnaðar alt að 150 kílógrömm af kornmat á ári, og telst þar til auk kornvara þeirra, sem getur í 1. gr. reglugjörðar 11. apríl 1917, baunir, byggmjöl, sago o. frv. Nú fær sýslumaður grun um að ekki sje rjett gefið upp um birgðir og er þá rjett að hann rannsaki málið.

7. gr.

Ætlast er til þess, að samvinna sje milli sýslumanna innbyrðis í þeim málum, sem ræðir um í reglugjörð þessari, og varða sýslufjelagið í öðrum sýslufjelögum.

8. gr.

Þegar beðið er um kaup á kornvörum af forða landsstjórnarinnar, er rjett að pöntunin komi frá sýslumanni, enda hafi hann áður rannsakað vörubörfina, samkvæmt því er að framan greinir, og skýri nánara frá henni í beiðninni.

9. gr.

Kostnaður, sem sýslumaður hefir útaf ráðstöfunum, sem greinir í reglugjörð þessari, svo og þóknun fyrir störf við þær, greiðist honum úr landssjóði, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins, en kostnaður og þóknun nefndarmanna úr sýslusjóði eftir úrskurði sýslunefndar. Sjerstaklegan kostnað við vörusölu í hreppnum, svo sem útgáfu vöruseðla í kaптúnunum, greiðir hreppssjóður.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 21 apríl 1917

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.